

## Hafnarfirði 7. júlí 2020

**Í erindisbréfi framkvæmdanefndar um uppbyggingu á athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla (Sörli), kemur fram að verkefni framkvæmdanefndarinnar sé að vinna eftir samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Sörla um uppbyggingu reiðhalla og félagsaðstöðu á athafnasvæði Sörla og fullkanna allar tölulegar staðreyndir og kostnað vegna framkvæmdarinnar.**

**Vinna við lið 1 (kostnaðarskipting) skal lokið áður en vinna við lið 2 (undirbúningur og hönnun) hefst.**

Starfshópurinn hefur yfirfarið tölur í kostnaðarmati og telur ekki vera veruleg frávik frá mati. Hins vegar eru aðstæður á markaði þannig um þessar mundir að gera má ráð fyrir hagstæðum tilboðum í einstaka liði framkvæmdar. Mikilvægt er að eignahlutur sé skýr vegna skattamála, þá er húsrýmisáætlun vegna reiðhalla og félagsaðstöðu full rýnd.

**Framkvæmdanefnd skal skila bæjarráði tillögu að kostnaðarskiptingu milli aðila og hafa þar til hliðsjónar kostnaðar- og eignaskiptingu sambærilegra félaga hjá Hafnarfjarðarbæ. Bæjarráð skal taka afstöðu til tillögu framkvæmdanefndarinnar og vísa til staðfestingar í bæjarstjórn.**

Lögð var fram greining á kostnaðarskiptingu vegna uppbyggingar íþróttamannvirkja síðustu ár í Hafnarfirði þar sem kostnaðarskipting er ýmisskonar. Samkvæmt grein 6, úr samstarfsamningi milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar, er það heimilt.

### **6. gr.**

Hlutdeild HF við nýbyggingu íþróttamannvirkis getur orðið allt að 100%, lægri hlutdeild er heimil og skulu aðilar semja um ákveðna hlutdeild áður en bygging íþróttamannvirkis hefst. 100% hlutdeild HF á aðallega við þegar íþróttamannvirki er að mestu ætlað til notkunar við íþróttakennslu og til æfinga barna og unglinga. Lægri hlutdeild HF á sérstaklega við varðandi íþróttamannvirki sem sannarlega gefa tekjur á almennum markaði, þegar mannvirkið nýtist lítið til almennrar heilsueflingar, nýtist takmörkuðum hópi auk þess að nýtast börnum og unglingum að takmörkuðu leiti.

Þar sem eignarhald félaga í íþróttamannvirkjum er fyrir hendi skulu aðilar leita samninga um framtíðareignarhald og í þeim tilvikum þar sem skýr eignaskipting íþróttafélags og HF liggur ekki fyrir skulu aðilar koma sér saman um eignaskiptingu og gerð eignaskiptasamnings hið fyrsta frá undirritun samnings þessa.

Ef íþróttafélag óskar eftir að byggja íþróttamannvirki sem falla eiga undir þennan samning, verður að leggja fyrir bæjarstjórn teikningar, kostnaðaráætlun, framkvæmdaráætlun og áætlun um fjármögnun. Samþykki bæjarstjórn hlutdeild í framkvæmdinni skipa íþróttafélag og HF framkvæmdanefnd um verkefnið. Framkvæmdin verði að öðru jöfnu alfarið á vegum HF. Ef íþróttafélag óskar eftir að vera hlutdeildaraðili í byggingu íþróttamannvirkis skal íþróttafélag leggja fram og greinagerð um greiðslu á sínum eignahlut. Drög að samningi um rekstur og notkun viðkomandi íþróttamannvirkis skal liggja fyrir við samninga um framkvæmdir og rekstur.

## **Tillaga framkvæmdanefndarinnar er eftirfarandi:**

1. Kostnaðarskipting athafnasvæðis Sörla fullbyggt verði:

Hafnarfjarðarbær 85%

Sörli 15%

2. Framlag Sörla

Hlutdeild Sörla í núverandi reiðhöll, félagsaðstöðu, önnur íþróttamannvirki og reiðvellir á svæði Hestamannafélagsins Sörla, uppreiknað í dag á c.a. 100 milljónir.

Þegar útlagður kostnaður vegna forhönnunar á væntanlegum húsbyggingum, vinnuframlag á meðan framkvæmdir standa yfir.

Í lokin verður uppgjör á verkefninu og þá gætu komið til peningagreiðslur.

3. Heildarframkvæmdin er þannig skilgreind að heildarkostnaður framkvæmda auk þegar byggðra mannvirkja verði skoðuð þegar til uppgjörs kemur.

Reiðhallirnar tvær verði 100% í eigu Hafnarfjarðarbæjar

Önnur aðstaða í hlutfallslega meiri eigu Sörla (yrði reiknað nákvæmlega við uppgjör verkefnis)

Eignaskiptaprósenta milli aðila verði þannig að Hafnarfjarðarbær á 85% af heild og Sörli 15% af heild, þegar framkvæmdum er að fullu lokið.

**Í erindisbréfinu kemur einnig fram að þegar búið er að ákveða kostnaðarskiptingu milli aðila þá skuli framkvæmdanefndin vinna áfram. Næsta verkefni er undirbúningur á hönnunum og síðan framkvæmdir.**

Búið er að greina mögulegar tekjur vegna lausra hesthúsaloða og eru væntar tekjur um 186 milljónir króna.

**Framkvæmdanefndin leggur til við bæjarráð, að ráðið samþykki að setja fjármagn í hönnun vegna verkefnisins, þannig að hægt sé að fullhanna mannvirkin og vinna útboðsgögn vegna 1. áfanga verksins, svo fljótt sem auðið er.**